



Reglur Túns um merkingar lífrænnar framleiðslu og vottaðra náttúrunytja

Útgáfa 652-2.12

(kaflar 2.5 og 2.6 úr reglum Túns um lífræna framleiðslu)

TÚN
VOTTUNARSTOFA

© Vottunarstofan Tún ehf.

Skjal þetta má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Tún áskilur sér rétt til breytinga á reglum þessum án fyrirvara.

2.5 VOTTUNARMERKI

ÁBENDINGAR

- Notendur vottunarmarkja skulu kynna sér ákvæði þessa kafla áður en hönnun og notkun umbúða hefst.
- Vottunarstofan Tún veitir nánari upplýsingar um notkun vottunarmarkja og gefur þau út í nokkrum gerðum rafrænna skjala til afnota.

REGLUR

- 2.501 Vara sem markaðssett er með tilvísun til vottunar og/eða framleiðslu í samræmi við þessar reglur, þar með talin tilvísun til lífrænna aðferða, skal bera viðeigandi vottunarmerki, auk annarra upplýsinga sem þessar reglur kveða á um.
- 2.502 Vottunarmerki Túns og ESB skal aðeins nota að fenginni skriflegri heimild Túns. Ef merkið er fellt inn í kynningarefni eða á merkimiða og umbúðir skal afla samþykkis Túns fyrir útliti þess áður en notkun hefst.
- 2.503 Vottunarmerki, svo og aðlögunarorðalag sbr. 2.507, er aðeins heimilt að nota um afurðir, sem tilgreindar eru í vottorði og aðeins í tengslum við nafn vottunarhafa eins og það birtist á vottorði. Sé um að ræða afurðir, sem kaupandi þeirra markaðssetur síðan undir eigin nafni og vörumerki, má nota vottunarmerkið að því tilskildu að eftirlitskerfið taki til þeirrar starfsemi og að unnt sé að rekja uppruna afurða til vottaðs framleiðanda.
- 2.504 Þegar vottunarmerki ESB fyrir framleiðslu innan ramma reglugerða nr. 477/2017 og 481/2017 er birt á umbúðum skal einnig birta eftirfarandi upplýsingar, fyrir neðan og á sama sjónsviði og vottunarmerkið:
- 1) Kenninúmer Vottunarstofunnar Túns: **IS-LIF-01**.
 - 2) Fyrir neðan kenninúmerið komi upplýsingar um landfræðilegan uppruna hráefna vörunnar, sem upprunnin eru úr landbúnaði, samkvæmt nánari ákvæðum þar um í c-lið 24. gr. reglugerðar EC 834/2007:
 - 2.1 Ef innihaldsefni úr landbúnaði eru upprunnin úr löndum ESB eingöngu: **ESB-landbúnaður**.
 - 2.2 Ef innihaldsefni úr landbúnaði eru upprunnin úr þriðju löndum (utan ESB): **Landbúnaður utan ESB**.
 - 2.3 Ef innihaldsefni úr landbúnaði eru upprunnin að hluta úr löndum ESB og að hluta úr þriðju löndum (utan ESB): **ESB-landbúnaður/Landbúnaður utan ESB**.
 - 2.4 Ef innihaldsefni úr landbúnaði eru eingöngu frá einu landi innan eða utan ESB má í staðinn geta þess lands (t.d.: **Íslenskur landbúnaður**) eða bæta því við upplýsingar skv. 2.1 eða 2.2 (t.d.: **ESB-landbúnaður/Íslenskur landbúnaður**).

Vottunarmerki Túns

- 2.505 Vottunarmerki Túns skal nota í fjórlit (CMYK), eða einlitt í grænum lit (pantone 347), eða einlitt í svörtum lit (grátónum).
- 2.506 Vottunarmerki Túns skal nota í samráði við Tún þannig að útgáfa þess og texti samrýmist þeim reglum sem vottað er eftir hverju sinni, sem hér segir:
- 1) Reglur um lífræna framleiðslu sbr. reglugerðir nr. 477/2017 og 481/2017:



IS-LIF-01

- 2) Reglur Túns um svið lífrænnar framleiðslu landbúnaðarafurða sem eru utan gildissviðs reglugerða nr. 477/2017 og 481/2017 (t.d. snyrtivörur, matreiðsla,):



- 3) Reglur Túns um framleiðslu náttúruafurða

3.1) Aðföng til lífrænnar framleiðslu (t.d. steinefni, kalkþörungar, sölt, vatn, afurðir úr villtu fiski (mjöl, lýsi, rækjuskel)):



*Viðurkennd aðföng
til lífrænnar framleiðslu*

3.2) Æðardúnn og aðrar náttúruafurðir:



*Afurð upprunnin úr
sjálfbærum náttúrunytjum*

- 2.507 Óunnar afurðir úr jurtaríkinu af landi sem er vottað “í lífrænni aðlögun” og merkja á með tilvísun til lífrænna aðferða skulu merktar með eftirfarandi orðalagi, sbr. 2.605 og nánari ákvæði 62. gr. reglugerðar ESB nr 889/2008:

Vottuð afurð af landi í lífrænni aðlögun
Vottunarstofan Tún ehf.
IS-LIF-01

Vottunarmerki Evrópusambandsins

- 2.508 Vottunarmerki Evrópusambandsins (ESB) skal nota við merkingu og kynningu pakkaðra matvæla, sem framleidd eru samkvæmt reglugerðum nr. 477/2017 og 481/2017, og markaðssett eru með tilvísun til lífrænna aðferða á Íslandi, í Noregi eða í löndum ESB. Notkun þess er valkvæð ef um er að ræða óþökkuð matvæli framleidd í þessum löndum, svo og fóður samkvæmt nánari ákvæðum 59. og 60 gr. reglugerðar ESB nr. 889/2008. Notkun þess er einnig valkvæð ef um er að ræða vottuð lífræn matvæli innflutt frá þriðju löndum sem ESB hefur viðurkennt að haldi kröfur um lífræna framleiðslu jafngildar Evrópureglum.
- 2.509 Vottunarmerki Evrópusambandsins (ESB) skal nota einlitt í grænum (pantone 376), eða grænum (50% blátt (cyan) + 100% gult) ef notast er við fjögurra lita prentun. Einnig má nota merkið í svarthvítu eins og sýnt er hér, en þá aðeins í þeim tilvikum þar sem notkun þess í lit er óhentug:



IS-LIF-01
ESB-landbúnaður/Landbúnaður utan ESB



IS-LIF-01
ESB-landbúnaður/Landbúnaður utan ESB

- 2.510 Ef bakgrunslitur umbúðanna eða vörumiðans er dökkur má nota táknin negatíf með sama bakgrunslit og umbúðirnar eða vörumiðinn. Ef tákn er notað í lit eða á lituðum bakgrunni sem gerir það að verkum að erfitt er að sjá það er heimilt að nota afmarkandi línu utan um táknið til að auka andstæður við bakgrunslitina. Í tilteknum, sértækum aðstæðum þegar einlitar merkingar eru á umbúðunum má nota kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu í sama lit.
- 2.511 Vottunarmerki ESB fyrir lífræna framleiðslu verður að vera minnst 9 mm á hæð og minnst 13,5 mm á breidd og skal hlutfall hæðar/breiddar alltaf vera 1:1,5. Í undantekningartilvikum má lágmarksstærð vera allt niður í 6 mm þegar um mjög smágerðar umbúðir er að ræða.
- 2.512 Vottunarmerki ESB fyrir lífræna framleiðslu má nota í tengslum við mynd- eða textaeiningar sem vísa til lífræns búskapar, með því skilyrði að slíkar einingar valdi hvorki breytingum á eðli kennimerkis ESB fyrir lífræna framleiðslu né á neinum þeim upplýsingum sem um getur í 58. gr. Þegar kennimerki ESB fyrir lífræna framleiðslu er notað í tengslum við landsbundin kennimerki eða kennimerki einkaaðila í grænum lit sem er frábrugðinn viðmiðunarlitnum, sem um getur í 2. lið, má nota kennimerki ESB í þeim lit þótt hann sé ekki viðmiðunarlitur.

2.6 VÖRUMERKINGAR

MARKMIÐ

- Leitast skal við að tryggja, að merkingar vottaðra afurða séu skýrar og auðskiljanlegar framleiðendum, neytendum og starfsmönnum Túns, þær feli ekki í sér villandi upplýsingar og að þær samrýmist lagareglum.

ÁBENDINGAR

- Neytendur skulu eiga þess kost að geta aflað sér nánari upplýsinga um vöruna á sérstökum blöðum, sem liggja frammi í viðkomandi verslun.
- Reglur um vörumerkingar eru breytilegar eftir því, hve hátt hlutfall innihaldsefna er úr vottuðum lífrænum hráefnum sem upprunnin eru úr landbúnaði (95-100% eða 70-95%). Við útreikning þess hlutfalls eru íblönduð sölt og vatn undanskilin. Þó skal reikna með vatn sem bætt er í afvatnað hráefni (t.d. þykkni úr ávöxtum og grænmeti).
- Auk neðangreindra ákvæða gilda sérákvæði um merkingar á lífrænu fóðri og afurðum úr jurtaríkinu af landi í lífrænni aðlögun, skv. reglugerðum nr. 477/2017 og 481/2017, sbr. og reglugerðir ESB nr 834/2007 og 889/2008.

REGLUR

- 2.601 Vörumerkingar skulu vera skýrar, gefa rétta mynd af vörunni og vera í samræmi við gildandi lagaákvæði, þannig að unnt sé að rekja uppruna hennar, vinnsluotú og/eða þökkunardag. Þær skulu greina frá nafni eða tegund vöru, og innihaldsefnum hennar í þeirri röð sem þyngdarhlutfall hvers efnis segir til um.
- 2.602 Heimilt er að merkja og kynna vöru með tilvísun til lífræna framleiðsluaðferða, að uppfylltum eftirfarandi ákvæðum:
- 1) Varan er vottuð lífræn í samræmi við reglur Túns (eða reglum, sem Tún álitur jafngildar, ef um innflutta afurð er að ræða);

- 2) fram komi viðeigandi vottunarmerki, kenninúmer Túns og nafn ~~og heimilisfang~~ framleiðanda; ef vottunarmerki ESB er notað skal einnig koma fram upprunasvæði landbúnaðarefna;
 - 3) ótvírætt er vísað til framleiðsluaðferðar og ekki er gefið í skyn að í vottun felist trygging fyrir bragðgæðum, næringu eða hollustu vörunnar;
 - 4) vöruheiti vísi ekki til tiltekins lands eða landsvæðis, ef varan er ekki framleidd þar;
 - 5) einungis leyfilegar aðferðir, aukefni eða hjálparefni eru notuð, sbr. 8.1 og viðauka B5, C1-2 og C4.3, sbr. og viðauka VIII-IX í reglugerð ESB nr. 889/2008;
 - 6) samsett vara er ekki nefnd eftir einu hráefni;
 - 7) vottuðu lífrænu hráefni hafi ekki verið blandað saman við sambærilegt óvottað hráefni í sömu vöru - og –
 - 8) greint er frá vinnsluþrepum, sem hafa áhrif á eiginleika vörunnar.
- 2.603 Með undanþágu frá 2.602.5 má nota í samsetta vöru tiltekin efni upprunnin í landbúnaði, sem ekki eru vottuð lífræn, að því tilskildu að efnin séu leyfileg samkvæmt þessum reglum, sbr. viðauka C3 og C4.1-2, að þau séu ekki fánleg vottuð lífræn í nægu magni, og að þau nemi ekki meira en 5% af heildarþyngd landbúnaðarefna í lokaafurðinni.
- 2.604 Ef minna en 95% af heildarþyngd landbúnaðarefna lokaafurðar er vottað lífrænt, er einungis heimilt að vísa til lífrænna framleiðsluaðferða í innihaldslýsingu vöru­merkingar, en þó með eftirfarandi skilyrðum sem fram koma í 23. gr. reglugerðar ESB 834/2007, sbr. og 57.-61. gr. og viðaukum VIII-IX í reglugerð ESB 889/2008.
- 2.605 Heimilt er að merkja og kynna óunna afurð úr jurtaríkinu með tilvísun til lífrænnar aðlögunar, sbr. 2.507, að uppfylltum eftirfarandi ákvæðum, sbr. og ákvæði 62. gr. reglugerðar EBB nr 889/2008:
- 1) Afurðin er af ræktunarlandi, sem er vottað í lífrænni aðlögun, samkvæmt þessum reglum og framleiðandi er undir reglulegu eftirliti Túns;
 - 2) fram komi nafn og Evrópunúmer Túns og nafn framleiðanda;
 - 3) ótvírætt komi fram að um landbúnaðarafurð sé að ræða;
 - 4) upplýsingar gefa kaupanda afurðarinnar ekki villandi upplýsingar um mun á henni og afurð af landi, sem er vottað lífrænt – og –
 - 5) tilvísun til lífrænnar aðlögunar sé sambærileg við sö­lulýsingu afurðar hvað varðar gerð, stærð og lit leturs.